

Þriðji fundur Skólaráðs Garðaskóla haldinn 2.september 2009 kl. 15.20

Fundargerð

Þessir fulltrúar skólaráðs voru mættir. Ragnar Gíslason skólastjóri, Þröstur Guðmundsson aðstoðarskólastjóri, Gunnar Richardson fulltrúi grenndarsamfélags, Helena Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra, Reynir Engilbertsson og Harpa Rós Gíslasóttir fulltrúar kennara og Kristjana Björk Brynjarsdóttir fulltrúi nemenda, Skólastjóri setti fund kl. 15.20 og tilkynnti um boðuð forföll annars kennarafulltrúa og nemendafulltrúa.

Dagskrá:

Skólaráð – breyting á skipan ráðsins:

Skólastjóri kynnti nýjan fulltrúa kennara Hörpu Rós Gísladóttur og nýjan fulltrúa annarra starfsmanna en kennara Ólaf. V. Guðjónsson. Þá greindi skólastjóri frá því að væntanlega myndi nýstofnuð stjórn Foreldrafélags Garðaskóla tilnefna nýja fulltrúa foreldra í Skólaráð eftir að stjórn hefur verið kosin 24. september á aðalfundi félagsins.

Skóladagatal

Aðstoðarskólastjóri lagði fram og kynnti breytingar og viðbætur að skóladagatali næsta skólaárs. Helstu breytingar eru að fyrirhuguðum vorprófum í júní er flýtt og haldin í lok maí 2010.

Þá verða haustannarpróf í öllum árgöngum tekin samhliða kennslu í lok nóvember og í byrjun desember.

Gagn og gaman-dagar

Skólaráð ræddi stöðu mála og ítrekaði vilja sinn til að uppbrot verði frá hefðbundinni kennslu á haustönn í formi „Gagns og gamans daga“ eða einhverskonar þemadaga. Að það verði leita allra leiða til að hægt verði að halda í þessa hefð sem hefur reynst mjög vel um árabíl.

Samþykkt var að skólastjóri greindi foreldrum í bréfi frá stöðu mála og hugmyndum um blöndu af gjaldskyldum og gjaldfrjálsum hópum.

Námsgagnasjóður

Skólaráði var gerð grein fyrir nýlegum helmings niðurskurði á framlagi ríkis til svonefnds „Námsgagnasjóðs“ en fjárúthlutun frá þeim sjóði notar skólinn til að kaupa námsefni frá öðrum útgefendum en Námsgagnastofnun. Skólastjórnendur gerðu grein fyrir minnisblaði skólastjóra til bæjaryfirvalda varðandi þetta mál og að efni þess verði einnig verið tekið fyrir á fundi skólanefndar. Skerðing þessi hefur t.d. áhrif á getu skólans til að fjármagna námsefniskaup fyrir framhaldsáfangana.

Matarmál

Fjallað var um breytingu á rekstraraðila mötuneytis sem verður „Heitt og kalt-sælkeraveislur“. Engin breyting verður á fyrirkomulagi matsölu utan þess að verð á heitum máltíðum lækkar í lausasölu úr kr.500.- í kr.460.-. Áskriftarverð verður hið sama og í öðrum grunnskólum bæjarins: 428 krónur. Garðabær greiðir „Heitt og kalt“ kr. 469.- fyrir hverja selda máltíð.

Aðstoð við heimanám

Fulltrúi nemenda spurðist fyrir um aðstoð við heimanám í vetur: Skólastjórnendur svöruðu til að tímaúthlutun væri þennan veturinn fullnýtt og því ekki svigrúm fyrir að veita tíma til frjálsra aðstoðartíma. Því verði ekki að óbreyttu boðið upp á slíka þjónustu í vetur a.m.k.

Skólastjóri sleit fundi kl. 16.45.

Harpa Rós Gísladóttir ritaði fundargerð